

| fólk | stjörnuspa | matur | heilsa | menning | börn | tíska | hönnun | tíðarandi

# birta

● fagnar hækandi sól



JÓN PÁLL EYJÓLFSSON

## *Leikhús er ekki kirkja*

SJÓNVARPSDAGSKRÁIN  
17. mars - 23. mars

MATUR  
» hugað að  
páskalambi í tíma

HÖNNUN  
» fegurð  
með auka o-i

L'

O

R



## 1. Styrkir samstundis.

Sérstaklega styrkjandi gel, með þrisvar sinnum meiri strykleika af pro-tensium\*.

Bein styrkingaráhrif: 75% \*\*

ANDIE MACDOWELL

É

A

L PARIS

DERMO-EXPERTISE

Öflug styrking  
húðarinnar.

# REVITALIFT DOUBLE LIFTING

**NÝTT**

ÖFLUGT STYRKINGARGEL + HLUKKUVERNARKERM



## 2. Dregur úr hrukkum frá degi til dags.

Hrukkuvörn með pro-rétinol A öreindum.

-20% minni hrukkur á 1 viku \*\*\*

DERMO-EXPERTISE.  
FRÁ FAGMENNSKU TIL FEGURÐAR.  
ÞVÍ ÞÚ ÁTT ÞAÐ SKILIÐ.

L'ORÉAL  
PARIS

\* En í hinum hrukkuvarnarkremunum í Dermo Expertise línum.  
\*\* Sönnuð áhrif, prófað á 52 konum.  
\*\*\* Prófað á 40 konum.





*76% svart*



*100% svart*



12

### Petta helst

- 7 Undir berum himni
- 8 Heitt og kalt  
Tíðarandi
- 10 Brennsla Leópolds Kristjánssonar

### Viðtöl

- 12 Jón Páll Eyjólfsson  
Leikhús er ekki kirkja
- 16 Bergþór Ólason  
Tók níutíu kílómetra gönguskíða-  
áskorun

### Hann hún

- 18 Hugað að páskalambinu í tíma
- 24 Fegurð með auka o-i
- 26 Sigríður B. Tómasdóttir elur upp  
Stjörnuspá
- 28 Heilsa

### Fastir liðir

- 30 Sudoku
- 32 Krossgáta
- 33 Sjónvarpsdagskrá næstu viku



24



18

**birta**

17. mars– 23. mars 2006 nr. 11

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar

RITSTJÓRAR: Sigríður Björg Tómasdóttir  
sigridur@frettabladid.is

og Steinunn Stefánsdóttir (ábm.)  
steinunn@frettabladid.is

RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR:

Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 550 5000

DREIFING: Pósthúsið ehf., sími 585 8330

AUGLÝSINGAR:

Jón Laufdal / jonl@frettabladid.is

Sölustjóri 550 5845 / 899 7600

Ester Sigurðardóttir / ester@frettabladid.is

Markaðsráðgjafi 550 5828 / 899 7600

Guðný Magnúsdóttir / gudnymagg@365.is

Markaðsfulltrúi 550 5854 / 866 0769

Greta Karen Grétarsdóttir / gretakaren@frett.is

Markaðsfulltrúi / 550 5864 / 846 5772

Ámundi Ámundason / amundi@frettabladid.is

Markaðsfulltrúi 550 5811 / 821 7514

UMBROT: 365 – prentmiðlar

Kristín Agnarsdóttir og Einar Elfi Magnússon

PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf.

FORSÍÐUMYND: Teitur

NETFANG: birta@frettabladid.is

Birtu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum, Akureyri, Akranesi, Borgarnesi, Selfossi og Hveragerði.

# risaSMÁR

## risaSMÁR

*risa-SMÁR L það sem er í raun lítið en hefur eiginleika þess sem er stórt, sérstaklega í tilfinningu, byggingu, eiginleikum eða útliti. Eða öllu þessu. Sbr. nýr Yaris.*



## Nýr Yaris. Hann er risaSMÁR

Það er gott að vera lítill. Það er gott að vera stór.

En risaSMÁR er snilld.

risaSMÁR er nýtt orð í orðabókinni. Það lýsir því sem er í raun lítið en hefur eiginleika þess sem er stórt, sérstaklega í tilfinningu, byggingu, eiginleikum eða útliti. Eða öllu þessu.

Yaris er ekki stór. Samt hefur hann í mörg ár verið vinsælasti bíll

á Íslandi vegna þeirra eiginleika sinna að sameina í einum bíl kosti smábíls og fjölskyldubíls hvað varðar hönnun, búnað og öryggi. Yaris er risaSMÁR.

Það er gott að vera lítill. Það er gott að vera stór.

En risaSMÁR er snilld.

Verð frá **1.359.000 kr.**



TODAY TOMORROW **TOYOTA**

# Undir berum himni

Nú er allt á uppleið. Daginn lengir stöðugt og veðrið hlýnar að sama skapi. Samfara þessum breytingum léttist lundin og allt verður auðveldara viðureignar. Þá er kuldinn ekki lengur afsökun fyrir því að fara hinar stystu vegalengdir í bíl og stuttar gönguferðir upplagðar til að viðhalda líkamlegri og andlegri heilsu.

Ýmsir möguleikar eru í boði til að koma gönguferðum inn í daglegt líf. Það þarf til dæmis ekki að taka mikið lengri tíma að ganga til vinnu en keyra, ef í reikninginn eru teknar þær mínútur sem fara í að leita að bíllyklinum, bíða í umferðaröngþveiti eða finna bílastæði. Síðan eru margir sem eyða löngum kvöldstundum í símanum. Þeir gætu einfaldlega hitt viðmælandann og rölt með honum undir berum himni á meðan heimsmálin eru rædd.

Ýmis svæði eru í boði fyrir göngugarpa á höfuðborgarsvæðinu. Þar má nefna Ægisíðuna, Elliðaárdalinn og Heiðmörk en einnig er hægt að afla sér upplýsinga um góðar gönguleiðir og skipulagðar ferðir á vefsíðum svo sem [www.ganga.is](http://www.ganga.is).





| heitt & kalt |

Heitt



**Leikfélag Akureyrar.** Allar uppfærslurnar fá góða dóma, það er alltaf uppselt og nú þegar er búið að selja 4.000 miða á Fullkomið brúðkaup í suðurferð sinni.

Volgt



**Spútnik.** Veldi þess blómstrar sem aldrei fyrr því það eru allir í notuðu í dag.

Hvorki heitt né kalt



**Gamlir rokkarar.** Svo virðist sem gamla fólkið geti fyllt tónleikhallir Íslands trekk í trekk. Það er gott mál en svolítið staðnað.

Við stofuhita



**Árshátíðir.** Blindfull(ur) í glamúrdressinu með fullt af fólki sem þú þekkir ekki neitt. Höldum frekar gott partí.

Ískalt



**Stóriðja.** Hvað er fólk að hugsa. Sökkvum hálandinu án þess að græða mikið á því sjálf. Er ekki komið nóg!

Stigið á pedalana » hjólaferð

Já nú er lag að draga fram hjólið og skella sér í hjólatúr. Taka má einn dag frá fyrir slíkan túr þar sem fjölskyldan er hóuð saman og smurt nesti fyrir hjólréidamennina og síðan verður borðað í grænni lautu í nágrenni borgarinnar. Veðrið er tilvalið fyrir hjólréidatúra á þessum árstíma, ekki of heitt og ekki of kalt. Góður vindgalli og grifflur nægja fyrir reisuna og svo er einfaldlega að pumpa í dekkinn, stíga á pedalana, hringja bjöllum og renna sér af stað með bros á vör.



Íraksstríðið » Ég mótmæli!

Íslendingar hafa aldrei þótt sérstaklega duglegir að mótmæla og alls ekki í seinni tíð. Öll þekkjum við þó söguna af því þegar Jón Sigurðsson reis upp á þjóðfundinum árið 1851, setti hnefann í borðið og sagði: “Vér mótmælum allir.” Undanfarin ár hefur þeim þó farið fjölgandi sem eru andvígir stóriðjustefnu íslenskra stjórnvalda og enn fleiri eru þeir sem leggjast gegn stuðningi Íslands við stríðið í Írak. Á morgun, laugardag, verður þeirri þátttöku einmitt mótmælt klukkan 15 á Ingólfstorgi. Tilefnið er að þrjú ár eru liðin frá því stríðið í Írak hófst. Svo er spurning hvort við erum tilbúin til að gera skoðanir okkar sýnilegar í mótmælum eða kjósum áfram að sitja heima.



Hvítur á kroppinn » fatatíska

Hvítur er einn af heitu litunum þessa stundina, ef heitan mætti kalla, hvítur hefur reyndar alltaf verið nokkuð ríkjandi litur en núna er hann meira áberandi en áður. Hvít belti eru sem dæmi afar vinsæl um þessar mundir en auk þess sjást mikið af hvítum jökkum, peysum og jafnvel gallabuxum. Hvítir strigaskór eru líka alltaf vinsælir en auk þeirra eru hvítir leðurskór hættir að vera einhvers konar fyrirbrigði. Snjó er alltaf að verða óalgengari sjón hér á landi og kannski er það vegna þess að við leitum frekar í hinn hreina og bjarta lit þegar við veljum okkur klæðnað.



Runnaklippingar » vorboði

Góðviðrisdagar í mars og apríl kalla garðeigendur út með trjáklippurnar, það er að segja þá sem hafa yfir runnum að ráða. Áður en vorið fer fyrir alvöru að gæla við greinarnar er upplagt að stytta þær og snyrta en gæta þess þó að klippa ekki alla nýjustu angana af. Þeir verða nefnilega fljótastir að grænka.



# UPPGÖTVAÐU

## YFIR



## HÖNNUÐI Í DEBENHAMS

DEBENHAMS HEFUR FENGIÐ TIL LIÐS VIÐ SIG HEIMSPEKKTA HÖNNUÐI TIL AÐ SÉRHANNA FATA- OG HÚSBÚNAÐARLÍNUR EINUNGIS FYRIR DEBENHAMS.

### DESIGNERS AT DEBENHAMS

Antony & Alison  
BDL eftir Ben De Lisi  
Butterfly eftir Matthew Williamson (4)  
EB eftir Erickson Beamon  
J eftir Jasper Conran (1)  
Pearce II Fionda  
Reger eftir Janet Reger  
Rocha eftir John Rocha (2)  
Star eftir Julien Macdonald (3)  
St George eftir Duffer

GRÍPTU TÆKIFÆRIÐ OG TRYGGÐU ÞÉR EINSTAKA HÖNNUN  
Á EINSTAKLEGA GÓÐU VERÐI, - AÐEINS Í DEBENHAMS.

# DEBENHAMS

SMÁRALIND



**brennslan mín ...**  
Leópolður Kristjánsson verslunarstjóri

## Gæjaleg brennsla

Leópolður Kristjánsson er verslunarstjóri Skífunnar á Laugavegi og einn af toppunum í breakbeat.is genginu. Hann gaf sér góðan tíma fyrir brennsluna enda vandasamt verk. „Ég fann fyrst 25 lög og skar síðan niður.“ Að lokum endaði Leópolður með frekar hráa og karlmannlega brennslu. „Brennslan inniheldur bara karlmanns gæja, fyrir utan Björk, sem er náttúrulega gæi líka. Brennslan var ekki vísitandi gerð svona heldur varð hún þannig óvart. Ég get líka verið algjör kerling í tónlistarvali og munaði minnstu að brennslan hefði orðið þannig,“ segir hinn karlmannlegi Leópolður sem á greinilega sínar mjúku hliðar.

<b>TRACK 1</b>	<b>Amit - MK Ultra.</b> Toppsæti Breakbeat.is árslistans fyrir árið 2005. Gæjalegt!
<b>TRACK 2</b>	<b>Ol' Dirty Bastard - Brooklyn Zoo.</b> „A-list“ útgangsmáður. Átti mikið inni þegar hann dó!
<b>TRACK 3</b>	<b>Björk - Hyper Ballad.</b> Post er sú plata með Björk sem ég fíla hvað best og þetta lag færir mér hroll niður í tær.
<b>TRACK 4</b>	<b>Gus Gus - If You Don't Jump You're English.</b> Tek trylling við þetta. Hratt og gratt!
<b>TRACK 5</b>	<b>Eagles of Death Metal - I Only Want You.</b> Eagles of Death Metal koma mér til. Nýja platan „Death by Sexy“ væntanleg innan skamms.
<b>TRACK 6</b>	<b>The Streets - Weak Become Heroes.</b> Ég sé hverja setningu í þessu lagi fyrir mér. Fyrsta plata Mike Skinner er sennilega eitt mesta meistaraverk minnar kynslóðar.
<b>TRACK 7</b>	<b>Calibre - Bullets.</b> Írinn Calibre er einn sá flottasti í „drum & bass“ tónlistinni í dag. Ekkert mál að baka vöfflur með þetta á fóninum.
<b>TRACK 8</b>	<b>The Sonics - Psycho.</b> Langt á undan sinni samtíð. Milljón töff.
<b>TRACK 9</b>	<b>LCD Soundsystem - Loosing My Edge.</b> Textinn fjallar um yfirborðskennt fólk. Maður er þarna sjálfur eflaust einhverstaðar.
<b>TRACK 10</b>	<b>Ludacris - Area Codes.</b> Mamma er femínisti og ól mig betur upp en svo að ég ætti að hlusta á vitleysuna í svona mönnum. Líkar þetta samt. Ludacris á allt eftir.

## » birta mælir með...

...SÖGUSAFNINU Í PERLUNNI. Sögu-sýningin í Perlunni er virkilega flott og fræðandi um leið. Persónurnar eru mjög raunverulegar og ferð á safnið er eins og ferðalag inn í annan tíma.



...PLÖTU ELECTRIC PRESIDENT. Fyrsta breiðskífa hljómsveitar frá Flórída sem gefur út hjá hinu afar áhugaverða þýska plötufyrirtæki Morr, sem meðal annars hefur gefið út plötu með Múm. Electric President spilar einstaklega fallegt og melódískt rafpopp með frumlegum fléttum. Minnir stundum á Postal Service en er þó mun framsæknara. Einföld en áhrifarík plata.

...AMERICAN DAD. Stan Smith, útsendari CIA, og fjölskylda hans fara á kostum í sjónvarpsþáttunum American Dad. Bandarískt samfélag, hryðjuverkaögnin, kerfið og neyslumenningin fá það óþvegið, allt undir merkjum húmorsins. Þeir sem í gegnum tíðina hafa haft gaman af Simpsons, South Park og Family Guy ættu ekki að láta þessa þætti fram hjá sér fara. Þriðjudagskvöld kl. 20 á Sirkus. Ekki missa af því.



## iPod HiFi

**NÝTT**

Nýjasta iPod græjan er iPod HiFi hljómflutningstæki sem hægt er taka með sér hvert á land sem er. Græjan er með tengiport fyrir iPodinn svo hægt sé að stinga honum beint í samband.



Svo má nota fjarstýringuna og láta 80 mm hátalara og 130 mm bassahátalara gefa 108 dB beint í æð. Það er svipaður hávaði og þegar eyrað er lagt upp að loftpressu.

Böggull fylgir þó skammrifri. Hljómflutningstækið vegur 6,5 kíló án rafhlaða en til þess að geta gengið stolt(ur) niður Laugavegin með iPod-boombox á öxlinni þarftu að bera heilt kíló af rafhlöðum í viðbót. Það gera allt í allt 7,5 kíló af hreinum Apple gæðum.

# 0 kr. alltaf

Viðskiptavinir í **Og1** greiða nú ekkert fyrir takmarkalaus notkun milli allra heimasíma innanlands.

Heimili sem eru með allt hjá **Og Vodafone**, GSM, Heimasíma og Internet geta skráð sig í **Og1**.

**Auðvelt að skipta.**

Það er ekkert mál að skipta um símafyrirtæki eða almennt að skrá sig í **Og1**. Hringdu núna í **1414** eða smelltu þér á [www.ogvodafone.is](http://www.ogvodafone.is) og skráðu þig og þína.

Mánaðargjald heimasíma er 1.340 kr.

**Og1**



**Og Vodafone** hefur leitt samkeppni á íslenska fjarskiptamarkaðnum og fært neytendum betri þjónustu og lækkað verð.

Komdu í verslun **Og Vodafone**, hringdu í **1414** eða smelltu þér á [www.ogvodafone.is](http://www.ogvodafone.is) fyrir nánari upplýsingar og skráningu í **Og1**.



Heyrumst!



# LEIKHÚS ER EKKI KIRKJA

» Jón Páll Eyjólfsson er maður sem talar umbúðalaust. Hann er pólitískur, róttækur og reiður og á síðustu árum hefur hann látið vel í sér heyra. Málþípa hans er leiksviðið, og skiptir þá engu hvort það sé að finna í gamalli skemmu úti á Granda eða í glæstu þjóðleikhúsi við Hverfisgötuna.<<

Vorið 2000 útskrifaðist Jón Páll frá breska leiklistarskólanum East 15. Skólinn er einn af þeim virtustu í Bretlandi og þar eru gerðar miklar kröfur til nemenda. Á fyrsta ári eru teknir inn um 40 nemendur en áður en komið er í annan bekk er helmingur þeirra horfinn til annarra starfa. Mætingarkrafan er mjög einföld: Þú mætir þrisvar sinnum of seint og þá er þér vikið úr skólanum.

Sem betur fer er Jón Páll stundvís maður og vorið 2000 útskrifaðist hann úr skólanum. Á lokaárinu var hann einn af fulltrúum East 15 á sviðsbardagasýningu sem fram fór í The Globe, leikhúsi William Shakespeare. „Við Íslendingarnir í skólanum náðum allir mjög góðum árangri í þessum bardagaprófum. Ætli það sé ekki vegna þess að í íslenska blóðinu er eitthvert víkingaeðli,“ segir Jón Páll og hlær og í örskotsstund minnir hann á nafna sinn Sigmarsson, sem kynnti víkingamenningu fyrir umheiminum með Svala í hönd. „Það var geggjað að gera þetta. Ganga inn á The Globe, klæddur í hnéhá stígvél og víða skyrta, fyrir framan 1.000 manns og berjast.“

Þegar leikaraprófið var komið í rassvasann lá leið Jóns Páls í Yong Vic leikhúsið sem meðal annars setti upp Rómeó og Júlíu í samvinnu við Vesturport. „Þetta var mikill heiður fyrir mig. Ég þurfti að fara í fjórar bardagaprufur og þrjár aðrar prufur til að fá hlutverk í leikritinu. Verkið var Skytturarnar þrjár og við sýndum níu sýningar á viku. Það var ekki auðvelt og kallaði á að maður væri mjög fókuseraður,“ segir Jón Páll. „Það var þess vegna svolítið sjokk að vera búinn að losna við alla kaldhæðni gagnvart leikarastarfinu og koma svo hingað heim því hér virtist ríkja tortryggni og vantrú á galdrinum sem leikhúsið getur verið.“

Eftir að hafa leikið ýmis smáhlutverk í Þjóðleikhúsinu fór Jón Páll á flakk. Hann lék mikið í Hafnarfjarðarleikhúsinu, meðal annars í Grettissögu, Úlfhamssögu og Meistaránnum og Margarítu. „Ég á Hjalmarí Hjalmarssyni eitt mest spennandi leikhúsaugnablik mitt að þakka. Það var í Meistaránnum og Margarítu en þá þurftum við Egill Heiðar Anton Pálsson að skipta um búninga og koma inn á öðrum

stað á sviðinu á nákvæmlega fjórum sekúndum vegna þess að Hjalmar hljóp yfir senu. Svo þegar við sýndum á föstudeginum 13. þá fór rafmagnið um leið og djöfullinn gekk inn á sviðið,“ segir Jón Páll og glottir.


Jón Páll hefur einnig leikið með sjálfstæðu leikhópunum og nú síðast fyrir norðan hjá Leikfélagi Akureyrar í Ólíver! og Pakkið á móti. Nýjasta hlutverk hans með Hafnarfjarðarleikhúsinu var í Mind Camp en þar var flestum hefðbundnum venjum leikarans kastað fyrir róða og áhorfandanum meðal annars markvisst látið leiðast.

## LEIKSTJÓRINN

Fljótlega fór Jón Páll að renna hýru auga til leikstjórastólsins. Frumraun sína á því sviði þreytti hann í Keflavík þegar hann setti upp söngleikinn Gretti með leikfélagi Keflavíkur. Eftir það setti hann meðal annars upp óperu í dráttarbrautinni í Keflavík og haustið 2004 tók hann að sér leikstjórn í Stúdentaleikhúsinu. „Þarna komu mörg mikilvæg element saman. Ég var kominn á þann stað að ég var búinn að vera í harkinu í langan tíma og sá ekki fjölskyldu minni farbotða með starfi mínu og ég var ekki hamingjusamur í því sem ég var að gera. Ég sem persóna og leikari var að ganga í gegnum það að búið var að taka ákvarðanir í samfélaginu sem ég var ekki sáttur við og leikhúsið virtist ekkert hafa um það að segja,“ segir Jón Páll. „Okkur sem frjálsum borgurum ber skylda til að tjá okkur þegar okkur er misboðið. Úti í hinum stóra heimi er fólk stungið í fangelsi, pyntað eða tekið af lífi fyrir að dirfast að hafa hugrekki til að segja eitthvað. Af hverju ættum við, sem höfum ekkert að óttast, ekki að þora að segja neitt?“ spyr Jón Páll.

Þess vegna ákváðu Jón Páll og meðlimir Stúdentaleikhússins að segja eitthvað og segja það hátt. Tekin var sú ákvörðun að verða annað hvort hetjur eða fífl, hetjur ef sýningin yrði vel heppnuð og fífl ef hún yrði léleg. Þá hefði hópurinn að minnsta kosti tjáð sig og sýnt að það eru öfl í samfélaginu sem ekki sætta sig við núverandi þróun.

Jón Páll gerði sýninguna nákvæmlega eins og honum fannst að leikhús ætti að vera og öðlaðist í leiðinni nýja trú á sjálfan sig. Sýningin,



*Ég geri hins vegar þá kröfu að  
náð sé til áhorfandans og að  
hann sætti sig ekki við mála-  
miðlun. Fólk á að hætta að líta  
á leikhús eins og að fara í kirkju.  
Fólk á ekki að fara í sunnudags-  
fötin, fara í mat og tilbiðja svo  
leikarann á sviðinu.*



sem kallaðist „Þú veist hvernig þetta er,“ hlaut einróma lof gagnrýnenda og var valin áhugasýning ársins.

#### LEIKHÚSIÐ

En hvernig er leikhúsið eins og það á að vera og hvernig er leikhúsið eins og það á ekki að vera? Eins og með alla listsköpun er smekkur misjafn og skoðanirnar mismunandi. Einn vill sjá söngleik og annar vill Tsjeikov. „Auðvitað verðum við að hafa alla flórana. Ég geri hins vegar þá kröfu að náð sé til áhorfandans og að hann sætti sig ekki við málamiðlun. Fólk á að hætta að líta á leikhúsið eins og það að fara í kirkju. Fólk á ekki að fara í sunnudagsfötin, fara í mat og tilbiðja svo leikarann á sviðinu. Þetta er eins og þegar þú ferð á lélega bíómynd. Þú borgar bara 800 kr fyrir miðann og þú ferð bara út í hléi eða byrjar að tala í símann ef myndin er léleg. Þetta áttu líka að gera í leikhúsi. Þú átt að geta staðið upp og sagt: Mér finnst þetta leiðinlegt, ég er farinn! Þessi afhelgun leikhússins hefur sjaldan verið mikilvægari. Þetta er orðinn síðasti geirinn þar sem hinn frjálsi markaður er ekki búinn að dæla yfir holskeflu af drasli. Það er enn ekki orðið skemmtiefni að horfa á fólk í lýta-aðgerð, brotna niður í sjónvarpinu eða borga milljón fyrir að borða skordýr á sviði. Öfugt við sjónvarpið er ekki búíð að manifesta reglur markaðarins. Að þú megir gera hvað sem er fyrir framan myndavélarnar svo lengi sem þú hljótir einhverja umbun, fjárhagslega eða í mynd ímyndaðrar frægðar,“ segir Jón Páll.

#### ÍSLAND, KÆRA ÍSLAND!

Jón Páll hefur verið duglegur að gagnrýna íslenskt samfélag, gróðahyggjuna og stórfyrirtækin. Hann hefur til að mynda hafnað auglýsingasamningum samvisku sinnar vegna. „Ég varð sjálfur fyrir svo mikilli vagningu. Maður endar í öllu brjálæðinu og horfir

á visareikninginn og hugsar með sér: hvað hef ég að gera með allt þetta dót? Hvaða gat er ég að stoppa upp í? Eftir því sem maður skoðar heiminn betur sér maður hversu mikið er rotið og skemmt. Ég dreg línuna sjálfur sem einstaklingur út frá samvisku minni og það er nákvæmlega sama viðhorf gagnvart auglýsingum og verkefnum í leikhúsi því ég hef brennt mig á að taka þátt í verkefnum sem ég trúi ekki á eða skil ekki.“

Þess vegna leggur Jón Páll mikið upp úr því að allir undir hans leikstjórn hafi trú á því sem verið er að gera og skilji og séu sammála verkinu. Þetta er ekki alltaf auðvelt, sérstaklega þegar fjallað er um erfið mál sem snerta mannlegt eðli.

Í vetur fékk Jón Páll tækifæri til að leikstýra nýju íslensku verki, Frelsi, í Þjóðleikhúsinu og rússnesku verki, Maríubjöllunni, hjá Leikfélagi Akureyrar. „Það er gaman að fást við nýtt íslenskt verk. Það er mjög erfitt og að reyna að stinga því í samband við eitthvað sem er að gerast akkúrat núna en vægi listarinnar hlýtur að felast í því að hún takist á við okkar nánasta umhverfi, við samfélagið eða söguna. Til þess er þetta tæki.“

En hvaða erindi á Maríubjallan þá við okkur? Verkið gerist í Sovétríkjunum fyrrverandi, og fjallar um ungan mann sem heldur kveðju-partí síðasta kvöldið áður en hann verður sendur í herinn. Í fljótu bragði sést lítil tenging við íslenskan veruleika í verkinu.

„Parna er verið að fjalla um sömu grundvallarhugmyndirnar sem eiga við alls staðar, eins og hversu dýr mella er ég? Spurningin er ekki lengur hvort ég sé mella heldur hversu dýr. Ef ég hef ekkert fram að bjóða, ekkert að selja, hvers virði er ég þá? Einskis virði?“ spyr Jón Páll.

#### FRAMTÍÐIN

Í fyrsta sinn á ferli sínum veit Jón Páll hvað hann er að fara að gera næsta árið. Núna er hann annars vegar að leika í Hundrað ára húsi eftir Jón Atla Jónasson í leikstjórn Hafliða Arngrímssonar og hins vegar að leikstýra Sensor eftir Anthony Wilson. Hann mun einnig leikstýra Nemendaleikhúsinu á næsta ári auk þess sem hann mun leika í Fögnuði eftir Pinter í Þjóðleikhúsinu. Blaðamaður gat ekki sleppt Jóni Páli án þess að spyrja að lokum hinnar klassísku spurningar um stöðu íslensks leikhúss í dag.

„Hún er góð og ég held að við séum í upp-sveiflu núna. Það hafa verið miklar manna-breytingar og það er nýtt fólk að koma inn. Við mættum þó vera opnari og taka meiri áhættu. Skipuleggja okkur betur og vinna hraðar. Efni sé þá sett fram og staðið sé með því. Ef það virkar ekki, þá virkar það ekki. Þá gerir fólk bara eitthvað annað. Á meðan það hefur ekki verið neitt hálfkák í því þá hefur fólk ekkert að skammast sín fyrir.“

„Okkur sem frjálsum borgurum ber skylda til að tjá okkur þegar okkur er misboðið. Úti í hinum stóra heimi er fólk stungið fangelsi, pyntað eða tekið aflífi fyrir að dirfast að hafa hugrekki til að segja eitthvað. Af hverju ættum við, sem höfum ekkert að óttast, ekki að þora að segja neitt?“






ARGJUS / 06-0175

## Ánægjan hvergi meiri!

Þegar IMG Gallup kannaði ánægju viðskiptavina banka og sparisjóða í Reykjavík og nágrenni árið 2005 kom í ljós að ánægjan er mest með SPRON. Komdu í hóp ánægðustu viðskiptavina á höfuðborgarsvæðinu.

### Skiptu við SPRON!



**Ánægjuvog banka og sparisjóða**  
– einungis íbúar höfuðborgarsvæðisins 2005



**spron**  
– frelsi í bankaviðskiptum

*Pegar Bergþór Ólason fékk textaskeyti frá vini sínum síðastliðð haust sem í stóð; Vasa 2006, maður eða mús? gat hann ekki svarað því nema á einn máta. „Þá áttaði ég mig reyndar á því að ég var tuttugu kílóum of þungur og kunni ekkert á gönguskíði,“ segir Bergþór sem er aðstoðarmaður samgönguráðherra milli þess sem hann tekur allt að því fáránlegum áskorunum sem þessum.*

Viðtal: SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR  
Myndir: ÚR EINKAEIGU



Bergþór missti tuttugu kíló og lærði á gönguskíði á hálfu ári. Hann var að vonum dauðuppgefinn eftir kílómetrana níutíu en fannst upplifunin alveg frábær.

## Tók níutíu kílómetra gönguskíðaáskorun

Vasa skíðagangan er haldin árlega í Svíþjóð og dregur að sér um fimmtán þúsund þátttakendur í hvert sinn. Gangan var sett á laggirnar fyrir um átta tíu árum til minningar um fræga níutíu kílómetra skíðagöngu árið 1521. Gustaf Vasa hafði komið til Mora í Dalahéraði norðvestan við Stokkhólm til að leita stuðnings hjá höfðingjum til að rísa gegn yfirráðum Dana í Svíþjóð. Hann átti ekki erindi sem erfíði og flúði áleiðis til Noregs, hundeltur af útsendurum Dana. Höfðingjunum snerist hugur þegar fréttist af voðaverkum Dana í Stokkhólmi og sendu tvo bestu skíðagöngumenn í Dölnum af stað og náðu þeir Vasa við bæinn Sälen, níutíu kílómetrum norðvestan við Mora. Þessi sendiför varð til þess að Gustaf Vasa sneri við og leiddi síðan uppreisn Svía gegn Dönum og varð konungur þeirra. Skíðagangan þótti mikið afrek á sinni tíð.

Bergþór og þrír félagar hans hófu stífar æfingar í október til að vera vel undirbúnir fyrir hinn stóra dag. Höfðu þeir Daníel Jakobsson

skíðagöngumann sér til halds og trausts sem þjálfara.

„Ég komst að því þá að ég er ekki náttúrutalent á gönguskíðum. Það var mikið áfall og er búin að vera mikil þrautaganga en hefur haft umtalsvert skemmtanagildi fyrir þá sem hafa verið að æfa með mér,“ segir Bergþór hlajandi en hann hefur misst tuttugu kíló á nokkrum mánuðum. „En það eru áhöld um það hvort ég kunni á gönguskíði,“ segir Bergþór glettinn þegar hann rifjar upp aðdraganda göngunnar miklu sem hann og þrír félagar hans fóru sunnudaginn 5. mars síðastliðinn.

Áður höfðu þeir farið sextíu kílómetra æfingagöngu í Þýskalandi. „Það bjargaði því sem bjargað verður,“ segir Bergþór en jatar að kraftar hans hafi verið á þrotum eftir þá göngu. Sú ganga var þó ekkert miðað við Vasa gönguna. „Þetta var alveg frábært, en helvíti var þetta erfitt,“ segir Bergþór sem fannst æðislegt að fara yfir marklínuna en var búinn að bíta á jaxlinn ansi lengi áður en það hófst. „Þetta fór að verða vont strax síðustu þrjá-



Mikill fjöldi skíðagöngumanna tekur þátt í Vasa skíðagöngunni ár hvert en gangan hefur verið farin árlega í um átta tíu ár.

tíu, fjörutíu kílómetrana,“ útskýrir Bergþór sem var farinn að fá krampa hér og þar um líkamann. „Öll orka var búin fljótlega upp frá því og eftir það var bara þrjúskan sem dreif mann áfram,“ segir Bergþór en allir vinirnir fjórir komust í mark dauðþreyttir en glaðir. Gangan tók Bergþór rúma ellefu tíma og því urðu frekari fagnaðarlæti að bíða næsta dags þegar þeir félagar héldu til Stokkhólms í afslöppun.

„Maður gleymir þessu aldrei,“ segir hann og hlær taugaveiklað þegar hann er inntur að því hvort stefnt sé á að endurtaka leikinn í framtíðinni. „Ég vona allavega að ég verði aldrei í lífinu jafn þreyttur.“



Bergþór og vinir hans þrír voru ánægðir með árangurinn. Engin ákvörðun hefur þó verið tekin um hvort leikurinn verði endurtekinn.

[ Íd ]

# TALAÐU VIÐ MIG

**ÍSLENSKI DANSFLOKKURINN**  
**SÝNIR Á SUNNUDAGSKVÖLD**

**GLEÐILEGT ÁR** *eftir Rui Horta*  
**SÚRT OG SÆTT** *eftir Didy Veldman*

Aðrar sýningar:  
10.03. / 19.03. / 26.03. / 31.03.

Miðasala í Borgarleikhúsinu  
s. 568 8000 - eða á [www.id.is](http://www.id.is)



**Landsbankinn**

Traustur bakhjarl Íslenska dansflokksins

Vörðu- og Námufélagar fá 50% afslátt á sýningar Íd.



# Hugað að páskalambinu í tíma

Umsjón Halla Bára Gestsdóttir  
Myndir Gunnar Sverrisson  
Ritstjórar tímaritsins Veggfóðurs

Lambkjöt býður upp á endalausa kryddmöguleika og um að gera að nýta sér þá þótt gamli og góði hryggurinn sé ómótstæðilegur á hefðbundinn máta. Kryddblöndur smjúga vel inn í lambkjötið og sama blandan gengur með læri, súpukjöti og kótilettum svo eitthvað sé nefnt. Ekki er verra að meðlætið passi vel við og hér er það kjúklingabaunamauk, myntusósa og kartöflusalat með appelsínunum. Höfum það aðeins öðruvísi þessa helgina eða geymum þessa frábæru samsetningu fyrir páska-lambið. Matur fyrir fjóra til sex.

## Kryddað lamb

1 lambalæri eða 1,5 -1,8 kg  
annað lambkjöt

### kryddblanda:

4 hvítlausrif  
safi úr 1/2 sítrónu  
2 msk. rauðvínsedik  
4 msk. ferskt timían  
1/2 rauðlaukur, saxaður  
2 tsk. sæt paprika  
salt og svartur pipar  
1 msk. ólífuolía



Blandið vel saman öllu hráefninu sem fer í kryddblönduna en geymið olíuna. Nuddið vel inn í kjötið. Hellið olíunni yfir að því loknu. Leyfið að marinerast í um 2 klukkustundir í það minnsta, best yfir nótt. Ef kryddblandan er notuð á lambalæri er gott

að skera um 1-2 mm skurði í lærið og nudda kryddinu vel svo það smjúgi ofan í þá. Eldunartími fyrir lærið er um 3 klukkustundir á 160 gráðum, setjið bolla afvatni í botninn á pottinum fyrir eldun og jafnvel meðan eldað er svo kryddið brenni ekki í botninn.

Ef um er að ræða kótilettur er best að grilla þær, ekki á of heitu grilli, í 5-8 mín. á hvorri hlið. Það á sömuleiðis við um steikingu á pönnu. Einnig hægt að steikja þannig að kjötið lokist en setja svo í 220 gráða heitan ofn í um 15 mín.

# PÍANÓ

af öllum stærðum og gerðum



## YAMAHA

Yamaha píanó.  
Yamaha píanó og flyglar  
með og án SILENT búnaðar.  
Veldu gæði – veldu Yamaha!

## SAMICK

Samick píanó.  
Mest seldu píanó á Íslandi!  
Fáanleg í svörtu, hnotu og mahóný.  
Verð frá 357.000 kr.



Goodway píanó.  
Fáanleg í svörtu, hnotu og mahóný.  
Verð frá 199.000 kr.  
15 mán. Vaxtalausar greiðslur.

## ESTONIA

Estonia flyglar.  
Handsmíðuð gæðahljóðfæri.



STEINWAY & SONS

Steinway & Sons  
Fyrir þá sem vilja aðeins það besta.  
Til sýnis í verslun okkar.



Mesta úrval landsins á einum stað!



— HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ —  
*Leifur Magnússon*

Suðurlandsbraut 32 • 108 Reykjavík • 591 5350

### Kjúklingabaunamauk

2x400 g niðursoðnar kjúklinga-  
baunir  
2-3 msk. vatn  
4 msk. ólífuoía  
1/2 laukur, fínt saxaður  
3 hvítlausrif, söxuð  
1 1/2 tsk cuminfræ  
30 þræðir saffran, mýktir upp í  
2 msk. af soðnu vatni  
2 msk. fersk steinselja, söxuð  
salt og pipar

Maukið kjúklingabaunirnar í matvinnslu-  
vél eða með töfrasprota. Bætið í vatni  
eða safi af baununum svo maukið verði  
aðeins þynnra. Hitið olíu á pönnu á  
miðlungshita, mýkið lauk, hvítlauk og  
cumin þar til það er orðið gullið. Mýkið  
saffran upp í soðnu vatni. Hellið vökv-  
anum saman við baunamaukið, skiljið  
þræðina eftir með því að sigta vatnið  
áður en því er helt saman við. Hrærið  
laukblönduna út í. Smakkið til með salti  
og pipar. Hitið og berið fram heitt.  
Einnig gott kalt með ýmsu öðru, t.d.  
smurt á baguette sneiðar.



### Myntusósa

4 msk. extra virgin ólífuoía  
2 hvítlausrif, fínt söxuð  
8 msk. fersk mynta, fínt skorin  
niður  
1 tsk. cuminfræ  
2 msk. gott rauðvínsedik  
1/2 tsk. flórsykur  
salt og svartur pipar

Hitið olíu á pönnu við miðlungshita.  
Mýkið hvítlaukinn en gætið að því að  
steikja hann ekki. Setjið helminginn af  
myntunni á pönnuna ásamt cumini og  
hrærið saman. Hellið edikinu yfir. Látið  
malla í hálfra mínútu. Takið af hitanum.  
Myntan dökkar við edikið svo látið  
ykkur ekki bregða. Hrærið því sem eftir er  
af myntunni saman við maukið á pönn-  
unni, smakkið til með salti og pipar. Ef  
ediksbragð er mikið er gott að hræra  
sykurinn saman við en annars er óþarfi  
að nota hann. Berið fram heitt.



### Kartöflusalat með appelsínunum og fennel

750 g kartöflur, soðnar og afhýddar  
3-4 appelsínur  
2 fennelhnúðar, ferskir  
1/2 rauðlaukur, fínt saxaður  
hnefafylli fersk steinselja, skorin aðeins niður  
salt og svartur pipar

#### dressing:

3 msk. ólífuoía  
1 msk. rauðvínsedik  
1/2 tsk. flórsykur  
1 hvítlausrif, marið með smá salti

Hrærið saman allt hráefnið í dressinguna. Smakkið til með salti og  
pipar ef ykkur þykir þurfa. Afhýðið appelsínurnar þannig að allur hvíti  
börkurinn hverfi, best að skera hann af ofan í kjötið. Skerið í sneiðar.  
Hreinsið fennelið með því að taka af öll óhrjálæg blöð. Skerið í tvennt á  
langveginn og þá í þunnar sneiðar. Athugið að fennel fæst ekki alltaf og  
því má þá sleppa. Salatið er einnig gott án þess. Blandið fennelsneið-  
unum saman við lauk og steinselju. Þá fara kartöflurnar varlega saman  
við. Leggið appelsínusneiðarnar á disk og setjið kartöflublönduna yfir.  
Hellið dressingunni yfir allt saman.





# Fullkomid jafnvægi

*Martini Bianco var fyrst kynntur í Ítalíu árið 1910  
og þá strax varð hann kallaður „vanillu vermud“  
því miðt sína og hið fullkomna jafnvægi ávaxta og beiskju.*

*Prófaðu Bianco með skvettu af appelsínusafa  
og þú munt sannferast.*



# Gallabuxur & pils fyrir sumarið

## Kynning

Sólin hefur heldur betur hækkað í lofti og má sjá glitta í laufblöð hér og þar. Vorið er á næsta leiti og sumarið þá ekki fjarri.

Verslanir á höfuðborgarsvæðinu eru nú stútfullar af fallægum, nýjum vor - og sumarvörum en ein af nýjungum þetta árið eru hnéstuttar buxur en aðþrengdar gallabuxur verða áfram vinsælar næsta sumar.



Kiss  
Hvít pils kr. 3.490, belti kr. 1.990



Noa Noa  
Pils kr.7.490



NEXT Pils kr.6.990



Kiss  
Aðþrengdar buxur kr. 5.990, belti kr. 2.990



NEXT kvartbuxur kr. 4.690



Benetton / Sisley  
Kvartbuxur kr. 4.595



NEXT buxur kr. 4.790



Gallabuxnubúðin  
kr. 8.900



**HARÐUR NAGLI Á HRAÐFERÐ?**

ÓLAFUR E. NÚMASON / MYNDAK.

  
UMFERÐARSTOFA

**HÆGÐU Á ÞÉR**



Smoke chandelier eftir Maarten Baas. Ljósakrónan er gerð úr brenndum víði sem hefur verið unninn þannig að hann endist vel.



Eggjvasi eftir Marcel Wanders úr postulíni. Harðsoðnum eggjum var troðið í smokka og lögunin var mynduð eftir því.



Útiborð og -stólar eftir Marcel Wanders úr sérstaklega sterku efni. Hægt er að fylla borðfót og stóla með vatni til að þyngra þá en einnig er hægt að geyma hluti í þeim.



Svampvasi eftir Marcel Wanders. Hver einasti vasi er gerður eftir svampi úr sjávarríkinu og því eru engir tveir vasar eins.



Sófi eftir Marcel Wanders.

## FEGURÐ MEÐ AUKA O-I

Fyrirtækið Moooi var stofnað árið 2001. Upphafsmaður þess, hönnuður og listrænn stjórnandi er hinn 43 ára gamli Hollendingur, Marcel Wanders. Marcel útskrifaðist úr hönnun árið 1988, stofnaði stúdíóið Wanders Wonders árið 1995 og loks Moooi sex árum síðar. Moooi þýðir fallegt á hollensku en Marcel segist hafa bætti inn auka o-i í von um að hönnun hans yrði extra falleg.

Þótt Marcel sé fyrsti og aðalhönnuður Moooi hefur hann þjálfað upp og gefið mörgum ungum hönnuðum tækifæri. Þannig hefur hann tekið inn í línu sína óvenjulega hluti sem fáir aðrir hefðu þorað að gera. Starfsmönnum Moooi fjölga því stöðugt og þó að hlutirnir séu ólíkir ganga þeir samt upp sem ein heild. Það eina sem Marcel segist ætlast til af nemendum sínum er að þeir sjálfir muni síðar geta þjálfað unga nemendur.

Moooi framleiðir endingargóð húsgögn, ljós og lampa ásamt smáhlutum svo sem vösom, kertastjökum og skálum. Vörurnar eru óhefðbundnar en passa þó með hefðbundnum hlutum og brjóta þannig upp umhverfið.

Fljótlega má finna vörur frá Moooi í versluninni Lumex.



Kaipo-silfurlampi eftir Edward van Vliet. Standurinn er úr silfrúðum kristal.



Hilla eftir Marcel Wanders. Hún er úr gegnheilli eik.





# ZEDRUS

persneskar mottur / húsgögn / gjafavörur

Hlíðarsmára 11 S. 534 2288



**Sigríður B. Tómasdóttir**  
elur upp

## Orð og hlutir

Frá því að sonur minn, nú 14 mánaða, kom í heiminn höfum við mæðginin verið að kynnst. Eða ég réttara sagt að kynnst honum – mér finnst nefnilega eins og hann hafi alltaf þekkt mig út og inn.

Eins og allir foreldrar hef ég lært að lesa í tjáningu án orða, bros táknað ánægju, sakleysissvipur þegar staðið er við fjöltengið þýðir: Ég ætla að fíkta í snúrunum eftir nokkrar sekúndur þó að ég megi það ekki. Öskur og óp þýða að ekki sé allt með felldu. Hljómar ekki flókið enda er ég að einfalda, auðvitað hefur Tómas litli margoft haldið ræður yfir mér sem hljóma einhvern vegin svona: Dibbidibbidibb. Og þá verð ég að geta í merkingareyðurnar.

En hann er byrjaður að skipta út þulunum fyrir orð og mér þykir afskaplega gaman að fylgjast með því. Það er svo gaman og spennandi að fylgjast með honum læra orð og tengja þau við merkingu. Eins og flest börn sagði hann mamma tiltölulega snemma. Ég sit þó ekki ein að því orði, hann kallar hina og þessa mömmu fyrir utan mig, til dæmis pabba sinn, en líka þá sem annast hann eða honum þykja móðurlegir.

Nammi segir hann skýrt og skilmerkilega og það þýðir matur, allur matur. Fyrsta orðið sem hann sagði hins vegar skilmerkilega og hann notar bara yfir það sem við á er bolti. Áður var hann reyndar búinn að búa sér til tákni fyrir bolta, hann hreyfði höndina eins og hann væri að depla bolta og langt er síðan hann notaði bílahljóð til að tákna bíla. Boltar og bílar eru sem sagt í uppáhaldi, já og matur. Veit ekki hvort ég á að lesa eitthvað í karakterinn út úr þessu.

Hann er reyndar farinn að myndast við að segja pabbi eða babba. Hann fór svo nýlega að segja ka ka þegar hann sér dýr. Svo spyr hann mig um hina og þessa hluti, bendir og spyr: Hvað er þetta? Ekki svona skýrt reyndar, hljómar meira svona eins og kadetta. Þó ég svari samviskusamlega hefur hann ekki bætt við orði um hríð. Þau eru þarna samt, alveg á leiðinni út og ég bíð spennit eftir því sem kemur næst.

## 7 atriði til að halda í eftir að þú byrjar í sambandi

**1** Það er engin ástæða til að gefa eftir síðasta súkkulaðimolann þó kærastann langi í hann.

**2** Haltu áfram að klæða þig í kynþokkafulla djammgallann. Engin ástæða til að vera lummuleg á rallinu þó þú eigir kærasta.

**3** Horfðu áfram á lélega raunveru-leikapætti. Geri hann grín að því má alltaf vísa honum á útidyrnar og loka tryggilega á eftir.



**4** Hafir þú ekki haft áhuga á fótbolta áður en þú byrjaðir í sambandinu er engin ástæða til að byrja á því núna.

**5** Segðu já eða nei við heimboðum og hittingum án þess að athuga fyrst hvað hann sé að fara að gera.

**6** Haltu áfram að blikka barþjóninn þegar þig vantar afgreiðslu á barnum.

**7** Boxers á sunnudögum. Hvíldardagar eru líka til að fá hvíld frá g-strengjum.



## stjörnuþspá

★★★

17. mars – 23. mars

### HRÚTUR 20. MARS – 19. APRÍL

Mikil umskipti verða í vinnunni hjá Hrútnum þessa vikuna. Von er á að nýir kúnnar bættist í viðskiptahópinn eða að gamlir gangi út. Einnig verða breytingar á mannafla og ætti Hrúturinn ekki að láta þetta á sig fá.

### NAUT 20. APRÍL – 20. MAÍ

Sérta í ástarsambandi við eina ákveðna manneskju gætir þú fundið sterka þörf til að vega og meta það samband í öllu tilliti. Ákvörðunar er þörf um hvaða stefna skal tekin.

### TVÍBURI 21. MAÍ – 20. JÚNÍ

Einhver í kringum í þig (maki, vinur, fjölskyldumélimur, vinnufélagi) verður ósanngjarn í hegðun. Haltu vel á spöðunum og ekki láta vaða yfir þig. Þú gætir þurft að kaupa þér smá tíma meðan þú finnur lausn á málum.

### KRABBI 21. JÚNÍ – 22. JÚLÍ

Krabbin mun mæta mikilli mótstöðu. Bryn mál þarfnastr afgreiðslu í samvinnu en einhverra hluta vegna þá virðast samingaviðræður ætla að ganga erfiðlega. Gættu þess að málin séu rædd í ró svo eftirleikurinn verði auðveldari.

### LJÓN 23. JÚLÍ – 22. ÁGÚST

Einhver kemur til með að setja þér óvænta úrslitakosti. Sá sem þá setur mun reynast erfiður í samskiptum á þessum tíma. Reyndu að fá umhugsunarfrest og aðra umferð við samningaborðið án þess að styggja þennan erfiða aðila.

### MEYJA 23. ÁGÚST – 21. SEPTEMBER

Vertu vel á varðbergi gagnvart heilsu þinni. Ekki biða með að leita til læknis kennir þú þér meins. Þetta er ekki alvarlegt heldur nauðsynlegt og betra að fyrirbyggja að ástandið verði verra.

### VOG 22. SEPTEMBER – 22. OKTÓBER

Talaðu skýrt svo enginn misskilji þig. Út marsmánuð verður mikið um samræður við fjölskyldu eða vinnufélagi og vegna stöðu stjarnanna virðast skilaboð ekki eiga greiða leið. Vertu því viss um að mál þitt hafi komist rétt til skila.

### SPORÐREKI 23. OKTÓBER – 21. NÓV.

Fylgstu vel með peningaeyðslu um helgina þar sem nú er þörf á að herða pyngjuna. Reyndu að hugsa upp aðrar leiðir til að afla tekna, vikan framundan hentar vel til þess. Eftir 25. mars getur þú opnað fyrir pyngjuna aftur.

### BOGMADUR 22. NÓVEMBER – 21. DES.

Eitthvert atvik í vinnuumhverfi þínu mun setja af stað róð annarra atburða sem munu koma þér vel. Miklar sviptingar munu verða og ný tækifæri sýna sig. Ekki vera hræddur við að stökkva á þau.

### STEINGEIT 22. DESEMBER – 19. JANÚÁR

Nú er góður tími til ferðalaga vikuna framundan. Eitthvað kemur upp á sem fær þig til að hugleða að fresta förinni en ekki gleyma að huga að sjálfínu. Þér veitir ekki af slökun og smá tíma í burtu frá amstrinu.

### VATNSBERI 20. JANÚÁR – 18. FEBRÚÁR

Vatnsberinn virðist standa frammi fyrir einhvers konar deilum sem gætu farið illa. Deilur þessar munu líka koma mjög óvænt upp. Mundu að sjaldan veldur einn þegar tveir deila og því er nauðsynlegt fyrir þig að vera meðvitaður um þínar gjörðir.

### FISKAR 19. FEBRÚÁR – 20. MARS

Einhver náinn þér mun sýna sitt sanna eðli og ekki er víst að þér muni líka það sem í ljós kemur. Líklegt er að breytingar verði á samskiptum ykkar og nauðsynlegt fyrir fiskana að gefa ekki eftir það sem þeim er mikilvægt.



**Hnepptar  
peysur**

**stutt  
gallapils**

**PAS**



**Rita** Eddufelli 2, sími 557 1730  
Bæjarlind 6, sími 554 7030



**Diza flytur!**

Léttum okkur flutninginn með rýmingarsölu í nokkra daga. Fullt af bútasamsefnum, lopa, garni, bókum ofl.ofl. Ath. opið laugardag 18. mars 10-18

**Diza** Ingólfsstræti 6  
www.diza.is  
opið 11-18 virka daga  
12-16 laugardaga

# Viltu hætta að reykja ?

**Hættu að reykja með nýjustu tækni.**

Höfum fest kaup á fullkomnu tæki sem leiðréttir röng skilaboð heilans um nikotínþörfina. Árangurinn kemur ánægjulega á óvart fyrir þá sem hafa reynt allt.

**Upplýsingar og tímapantanir í síma 862 3324**



[www.heilsurad.is](http://www.heilsurad.is)

Ráðgjöf og heilsa  
Reyklausnir  
Ármúla 15  
Reykjavík



# Heilsa og hreysti í einu glasi

Þó ekki sé nema í nokkur skipti á viku er ágætt að blanda saman heilsudrykkjum til að auka vellíðan. Hér koma uppskriftir að nokkrum slíkum sem drekka má við mismunandi tækifæri.



## STRESSLOSARINN

Til að slaka á og losa sig við stress er ekki nóg að stunda jóga heldur verðum við að borða rétt líka.

Hrærðu saman tveimur teskeiðum af hreinni jógúrt, einni matskeið af haframjöli, einni matskeið af sesamfræjum, hálfum banana, einni teskeið af hunangi og vænum skammti af hreinum eplasafa.

Í jógúrtinu eru amínósýrur sem hjálpa líkamanum að framleiða gleðihormónið serótínín, haframjölið róar taugararnar, sesamfræin koma jafnvægi á líkamann og hungrið er einfaldlega til að gleðja bragðlaukana.



## BUMBUBANINN

Útstæður magi og vatnssöfnun er oft afleiðing af röngu mataræði og þá er gott að eiga eina uppskrift af bumbubana til að rétta hlutföllin við.

Hrærðu saman ferskum ananasbitum, tveimur matskeiðum af hreinni jógúrt, einni matskeið af hörfræjum og skammti af hreinum ananassafa.

Ananasinn hjálpar líkamanum að brjóta niður fæðuna svo hún komist betur leiðar sinnar, góðu bakteríurnar í jógúrtinu gera gott fyrir meltinguna og hörfræin koma reglu á hlutina.



## VINUR HÚÐARINNAR

Óholl fæða sest ekki bara á læri og maga heldur fær húðin oft útreið af röngu mataræði.

Blandaðu samantveimur

apríkósum, fjórum jarðarberjum, einni matskeið af sólblómafræjum, skvettu af hreinum epladju og einni teskeið af grænu tei sem hægt er að fá í duftformi.

Apríkósumarnar og jarðarberin eru full af vítamínum og trefjum, sólblómafræin innihalda olíur sem eru góðar fyrir húðina og græna duftið hefur eins konar afeitrunar áhrif og hjálpar til við að hreinsa húðina.



## VINNUGÖFGIN

Viljum við ná langt á framabrautinni þarf einbeitingin að vera í lagi og orkan stöðug.

Hrærðu saman tveimur teskeiðum af hreinni jógúrt, hálfum banana, tveimur teskeiðum af sólberjum, vænni matskeið af hörfræjum og skvettu af eplasafa.

Hörfræin innihalda omega-3 fitusýrur sem hjálpa heilasellunum að starfa betur, jógúrtin og bananinn gefa orku og auka serótínín framleiðslu svo við getum verið glöð í vinnunni, sólberin innihalda andoxunarefni sem styrkja heilastarfsemina.



## Fimm mínútna skoðun

Sé ójafnvægi á líkamstarfseminni má oft sjá það á andlitinu. Taktu þér fimm mínútna sjálfskoðun í speglinum.

## BÓLGID ANDLIT

Mögulega er það vegna skyndifæðu og ónógs svefns. Gæti verið merki um að starfsemi skjaldkirtils sé í ólagi.

## LOÐIN TUNGA

Mögulega þarftu að bursta betur tennurnar. Gæti verið merki um ofþurrk. Drekktu meira vatn.

## ANDLITSHÁR

Mögulega fékkstu þau í vöggugjöf. Gæti verið merki um hormóna-ójafnvægi.

## ÞYNNRA HÁR

Mögulega er það fitumikið og ófjölbreytt fæði. Gæti verið afleiðing þess að byrja eða hætta á pillunni.

## FITUG HÚÐ

Mögulega er það eðli húðarinnar. Gæti verið merki um hormóna-ójafnvægi, sérstaklega ef húðin hefur ekki alltaf verið fitug, blæðingar hafa verið óreglulegar og hárvöxtur hefur aukist í andliti.





## Urtasmiðjan SÓLA

Náttúrulegar húðvörur

### Vöðvaolía / gigtarolía

Köftug nuddolía fyrir harða og spennta vöðva, aumar sínar og liði. Mýkir og liðkar, dregur úr verkjum, róar sínadrátt.

### Fibromýa, með vermandi engifer

Fyrir mjúkt nudd á aum og sár svæði t.d. á vefjagigt. Gefur frábæra vermandi tilfinningu, slökun og hvíld.

Sölustaðir: Höfuðborgarsvæðið, Yggdrasil, Maður lifandi, Snyrtistofan Valdis, Nornarbúðin, Fjarðarkaup. Keflav. Blómaval. Selfoss Lyfja Heilsuhús. Sauðárkrökur Nudd og Stratastofan. Akureyri Heilsuhornið, Apotekarinn, Blómaval. **Urtasmiðjan 601 Akureyri, sími 462 4769 861 4769 [gigja@urtasmidjan.is](mailto:gigja@urtasmidjan.is)**

**NYTT**

**Naveh**  
pharma

## CleanEars í úðaformi

Fjarlægir eyrnamerg fljótt og vel

- \* einstök tvöföld vikni hreinsar og leysir upp
- \* einfalt í notkun.
- \* öruggt og áhrifaríkt fyrir alla fjölskylduna.
- \* staðfest með rannsóknum.

**Fast í lyfjaverðslunum um land allt**  
**Frekari upplýsingar Ýmus eft**

# KVEF?

### VERKJALYF



### HÁLSTÖFLUR



### FRUNSUKREM



### NEFÚÐI

**Opið til 24 alla daga**

Lyf & heilsa Austurveri

**Opið til 21 alla daga**

Lyf & heilsa JL húsinu

Austurstræti · Austurveri · Domus Medica · Firði, Hafnarfirði · Fjarðarkaupum · Glæsibæ · Hamraborg Kópavogi  
JL-húsinu · Krínglunni 1.hæð · Krínglunni 3.hæð · Melhaga · Mjódd · Mosfellsbæ · Salahverfi · Eiðistorgi · Hellu  
Hveragerði · Hvolsvelli · Kjarnanum Selfossi · Vestmannaeyjum · Þorlákshöfn · Dalvík · Glerártorgi Akureyri  
Hrísalundi Akureyri · Ólafsfirði · Akranesi · Keflavík

**Lyf & heilsa**

**Við hlustum!**

# » Sudoku vikunnar

#18

LAUSNIR SUDOKUPRAUTA SÍÐUSTU VIKU (#17)

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölur. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi.

3	2	9	6	1	8	4	5	7
8	5	7	2	9	4	3	6	1
4	6	1	3	7	5	9	8	2
1	4	5	8	3	2	6	7	9
9	8	6	1	5	7	2	4	3
7	3	2	9	4	6	8	1	5
2	1	8	7	6	9	5	3	4
5	9	3	4	8	1	7	2	6
6	7	4	5	2	3	1	9	8

Amlóði

8	6	2	9	1	3	5	7	4
5	4	1	8	6	7	2	9	3
7	9	3	5	2	4	8	1	6
3	2	8	6	9	5	1	4	7
9	5	4	2	7	1	3	6	8
1	7	6	3	4	8	9	5	2
4	3	5	1	8	6	7	2	9
2	1	7	4	3	9	6	8	5
6	8	9	7	5	2	4	3	1

Hálfdrættingur

4	9	5	6	7	3	1	2	8
1	7	3	8	4	2	6	9	5
6	8	2	1	9	5	4	3	7
2	1	4	3	8	6	7	5	9
9	6	7	5	2	4	8	1	3
5	3	8	7	1	9	2	6	4
3	5	1	4	6	7	9	8	2
7	2	6	9	3	8	5	4	1
8	4	9	2	5	1	3	7	6

Fullsterkur

9	1			8				3
	3	2					1	
					3		8	5
	6	4		5	1			
		1					4	
			3	6			8	2
5	7		2					
		6					5	7
4				7			9	8

Amlóði

	8		7	4				
	7		1			6	5	
		5				7		
4			5	3			1	2
5	1			7	9			4
		8				1		
	5	3			1			9
				9	6			8

Hálfdrættingur

	2		3	5		8		
		8						
						4	3	9
	4				1		6	7
				2				
2	8		4					9
8	7	9						
						3		
		3		6	7			2

Fullsterkur

ENNEMM / SIA / NM2009B



- vinsælasta viðbitið

### Kynnum Eve Taylor á Íslandi



Nuddolíur, baseolíur, íblöndunarolíur, ilmkjarnaolíur og alhliða húðvörur fyrir alla - frá toppi til táar

Topp vörur fyrir lærða sem leikna um betri vellíðan

### KARAOKE LEIGA - SALA



800 lög

Ljós og ilmur • Bíldshöfða 12 • [www.Loi.is](http://www.Loi.is)



Slökunartónlist við allra hæfi frá hinu þekktu Global Journey



Hágæða olíulampar, ilmkerfi, ilmvöx og reykelsi. Gjafavörur á góðu verði fyrir öll tilefni.

ÖÐRUVÍSI BÚÐ • MEÐ ÖÐRUVÍSI VÖRUR

ÚTSALA 50%

ÚTSALA 50%



	<b>27</b>	MP & BH	KLÆÐALEYSI	JAFNVEL	FITLA		TVEIR EINS	GUFU- HREINSA	SKORDÝR	
	VEIKI									
	SKAPI									
	↳					LANGAR GRIMMUR			KADALL	
		HÁR	DRYKKUR KLÍPING			<b>1</b>	FYRIRMYND VERKFÆRI	<b>2</b>		
LAMPI				HNAPPUR HINDRA					POTA LAND	
EINKAR				VARNINGUR DUNDA				SEYTLAR EFNI		
OFREYNA					MÁLmur				Í RÖÐ YFIRSTÉTT	
BRÚN		SAMSTÆÐA NOT			ÞÍÐA					MEGIN
↳			PANGAÐ TIL LÍÐA VEL			KLIPPA TIL UMHYGGJA				HERMA
BLAÐA					TVEIR EINS FRÁ			FLOKKA RYK	<b>4</b>	
ARÐA ÁNA			<b>3</b>	ILMUR					ÞUNNUR VÖKVI	
↳				ÓNN			PORTKONA			



**Leystu krossgátuna!**  
 Þú gætir unnið þriggja mánaðar áskrift  
 að Tónlist.is, stærsta tónlistarsafni landsins!



Þú sendir SMS skeytið JA SVAR LAUSNARORDIÐ á númerið 1900!

Dæmi hvernig SMS gæti lítið út ef svarið er Jón. Þá sendir þú SMS-ið JA SVAR JON.

Dregið úr réttum svörum n.k. þriðjudag kl. 12.



## FÆRIR FJÖLBREYTNÍ HEIMSINS INN Í STOFU TIL FÓLKIS

Halla Gunnarsdóttir er umsjónarmaður nýs viðtalsþáttar á NFS.

Halla Gunnarsdóttir er umsjónarmaður nýs viðtalsþáttar á NFS sem ber heitið Petta Fólk. Þar tekur hún fyrir eitt land í hverjum þætti og freistar þess að veita áhorfendum innsýn í framandi heima og kynna þeim menningu landsins og sögu. Halla er þó ekki nýgræðingur á fjölmiðla-sviðinu því hún hefur getið sér gott orð fyrir skrif sín í Morgunblaðið og sem einn af stjórnendum Sunnudagsþáttarins á Skjá Einum.

### VILL SÝNA LÖNDIN Í ÖÐRU LJÓSI

„Við Róbert Marshall hittumst fyrir tilviljun og töluðum saman. Ég var búin að ganga með hugmyndina að þættinum í maganum í ár svo við ákváðum að kýla á þetta.“ segir Halla um tilkomu nýja þáttarins. Þessi unga og efnilega kona hefur í nógu að snúast enda eru hún í námi í alþjóðasamskiptum við Háskóla Íslands á milli þess sem hún stundar blaðastörf hjá Morgunblaðinu af mikilli alúð. Þó að flestir ættu í fullu fangi með það, er Halla víðförl með eindæmum þrátt fyrir ungan aldur. „Ég hef ferðast töluvert og það er það sem gerði það að verkum að ég hafði áhuga á að gera þennan þátt. Ég tek fyrir eitt land í hverjum þætti og fæ til mín fólk sem hefur komið til landsins, veit eitthvað um landið, er þaðan eða hefur einhverja fræðilega þekkingu á landinu. Ég vil reyna að beina sjónum út fyrir þennan heim sem við þekkjum hvað best.“ segir Halla sem mun eflaust opna huga sveitalegra og durgslegra Íslendinga með umfjöllun sinni um fjölbreytni heimsins.

### HEFUR ÁHUGA Á FÓLKI

„Ég hef ferðast þónokkuð. Ég segi alltaf að mér finnst heimurinn verða stærrí því meira sem ég ferðast. Ég hef þó mestan áhuga á fólki, og það sem kom mér mest á óvart þegar ég fór að ferðast er hvað við



erum öll lík og hvað við eigum margt sameiginlegt. Þó við höfum átt ólíka æsku og alist upp við ólík skilyrði þá erum við öll í leit að því sama. Við getum alltaf fundið eitthvað sameiginlegt svo lengi sem við höfum einhvers konar tungumál til að tala saman á.“ segir Halla upptendruð af framandi ævintýrum. Höllu langar að kynna aðra menningarheima fyrir Íslendingum í öðru ljósi en vant er í íslenskum fjölmiðlum. „Það er eiginlega bara í fréttum hérna heima, ef einhver deyr eða ef það er stríð, gíslataka eða eitthvað slíkt. Mig langaði til að gera tilraun til að færa fjöl-

